



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Holt

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans : Virðing -Umhyggja - Samvinna	3
1 Greinargerð leikskólustjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	4
3 Innra mat	7
3.1 Berg	7
3.2 Litla-Fell	8
3.3 Stóra-Fell	9
3.4 Sel	12
3.5 Bakki	13
3.6 Hóll	13
4 Innra mat sérkennslu.....	15
5 Innra mat – fjöltyngd börn	16
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	18
8 Foreldrasamvinna.....	18
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	19
10 Fylgigögn.....	20
10.1 Tímarammi samstarfsáætlunar 2022-2023.....	20
10.2 Leikskóladagatal 2022-2023	20
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	20



Leiðarljós leikskólans : Virðing -Umhyggja - Samvinna

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn 2020-2021 var krefjandi á margan hátt en einnig mjög lærdómsríkur. Gildin okkar hafa svo sannarlega verið ofarlega í hugum okkar margra. Samvinna og umhyggja stóðu upp úr þegar mikil veikindi voru endalaust að hellast yfir okkur, eins og t.d. Covid og fylgikvillar þess. Starfsfólk og foreldrar unnu þetta saman og við komumst í gegnum þetta, saman.

Vinna með börnum á deildum hélt áfram í alls konar formi, eins og aðstæður leyfðu, sem og samstarf við aðila utan leikskólans. Málörvun var í gangi á öllum deildum, eins og hægt var, sem og Lubbi, Blær og önnur verkefni. Málörvunar-hringekjan á milli deilda varð reyndar að taka pásu, en verður sett á fullt aftur næsta vetur. Við ætlum að vera duglegri að lesa, syngja og tala við börnin næsta vetur. Það eru helstu markmiðin okkar fyrir næsta vetur.

Áfram höldum við í vinnu með Menntastefnuna og ásamt félagsfærninni bættum við læsinu við. Það passar mjög vel inn í alla okkar vinnu með málörvunina alla daga og samstarfi við Fellaskóla og leikskólann Ösp í verkefninu Mál og læsi í Fellaskóla. Næsta skref er að fá talmeinafræðing í vinnu á leikskólana til að halda áfram að vinna með okkar frábæru verkefni og að geta haldið betur utan um þróunina með orðaforðaprófunum.

Samstarfsverkefnið „Mál og læsi í Fellahverfi“ með Fellaskóla og Ösp heldur áfram og þó takmarkanir hafi aðeins hægt á okkur hvað varðar fræðslu fyrir starfsmenn og foreldra, þá lítum við björtum augum fram á við. Fræðsluna munum við skipuleggja fyrir næsta vetur. Vinnan með börnunum náði að halda sér að mestu og stefnum við ótrauð áfram.

Aðlögun á nýjum börnum var í gangi allan veturinn, meira og minna. Eitt og eitt barn var að tynast inn og önnur að fara.

Stytting vinnuvikunnar gengur vel og starfsfólk er mjög ánægt með þetta. En þetta gengur ekki upp öðruvísi en að auka við afleysingu og / eða fjármagni.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun á deildum – almennt í öllum aðstæðum	Umræður á fundum og starfsdögum	Allir starfsmenn	Gengur almennt vel. En starfsmenn þurfa að vera duglegri að tala við börnin í öllum aðstæðum, alltaf
Agastefna leikskólans	Umræður á starfsdegi og fundum.	Allir starfsmenn	Erum enn að vinna úr hópavinnu og niðurstöðum eftir að móta stefnu. Áframhaldandi vinna næsta vetur

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun SFS	Netkönnun 2022	Starfsmenn	Styrkleikar er almenn ánægja, sveigjanleiki og starfsánægja. Tækifæri til umbóta er mikið álag í starfi ... sem er að hluta tengt Covid.
Foreldrakönnun SFS	Netkönnun 2021	Foreldrar	Styrkleikar er almenn ánægja, barninu líður vel, vingjarnlegt andrúmsloft, góð stjórnun. Tækifæri til umbóta er þátttaka foreldra í mati og betri upplýsingagjöf um framfarir barns



Starfsmannakönnun 2022

ATH!:

Gagnatölur eru ítarefni og óháðar vali á fyrri slóðum, fyrir utan vinnustaði.

Mérkingin N/A þýðir að færri en 5 hafa svarað fyrir viðeigandi vinnustað.

Ár: 2022

Svið: Öll svið

Vinnustaður: Holt

Þáttur: Allir þættir

Skor sviða í könnun 2022

Þáttur gagnatölur

Svið gagnatölur

	Reykjavík heild	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL	Ekkert svið	FÁST	MOS	PON
Allir þættir	3,62	4,00	3,85	4,03	3,84	3,71	3,72	3,70	3,85	4,10	3,96
Betrí vinnutími/stytting	3,60	3,73	4,00	3,95	3,60	3,70	3,41	3,37	3,96	4,18	4,06
Covid19	2,40	3,10	2,80	2,33	2,30	2,91	2,42	3,94	3,30	3,04	2,50
Fræðsla og þjálfun	4,01	4,20	3,80	4,13	4,11	3,60	3,82	3,54	4,17	4,64	4,06
Hæflegt vinnuslag	2,40	2,85	2,72	2,47	2,35	2,06	2,46	2,71	2,19	2,44	2,26
Líðan - Álag	3,45	3,75	3,50	3,44	3,43	3,30	3,43	3,67	3,62	3,59	3,33
Starfsandi	4,22	4,33	4,15	4,51	4,23	4,11	4,17	3,75	4,01	4,66	4,43
Starfsánægja	4,20	4,52	4,26	4,46	4,32	4,13	4,20	3,80	4,26	4,56	4,40
Stjórnun	4,10	4,20	3,96	4,43	4,15	3,86	3,98	4,11	4,03	4,63	4,19
Sveigjanleiki í starfi	4,22	4,31	4,21	4,28	4,25	4,06	4,14	3,50	4,36	4,55	4,38
Tilgangur	4,43	4,59	4,22	4,40	4,50	4,25	4,36	3,79	4,24	4,58	4,31
Uppfyllingafæði	4,06	4,16	3,94	4,31	4,14	3,90	3,91	3,86	4,05	4,39	4,07
Veiliðan og hugarfarar grósku	3,66	4,04	3,86	4,00	3,96	3,83	3,96	3,86	4,17	4,11	4,10


Skor vinnustaða í könnun 2022

Vinnustaður

Þáttur

	Allir þættir	Betrí vinnutími/stytting	Covid19	Fræðsla og þjálfun	Hæflegt vinnuslag	Líðan - Álag	Starfsandi	Starfsánægja	Stjórnun	Sveigjanleiki í starfi	Tilgangur	Uppfyllingafæði	Veiliðan og hugarfarar grósku	Viðurkenning	Vinnustaða
Holt	3,72	4,07	2,33	3,11	2,12	3,31	4,05	4,29	3,86	4,40	4,42	4,12	4,10	3,57	3,95

Foreldrakönnun 2021



Umbótaáætlun leikskólans 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Skerpa hlutverk starfsmanna	Að allir séu með sitt hlutverk og sín verkefni á hreinu	Með skýrari verkaskiptingu, umræðum og að rýna í starfslýsingar	Allir starfsmenn í leikskólanum	Haust 2022	Vor 2023	Umræður á fundum og starfsdögum	Að allir séu öruggir í sínu hlutverki og hvað sé vænst af þeim
Skýra betur hlutverk og verkefni stjórnenda	Að verkaskipting sé skýr. Skipta verkefnum á milli	Með skýrari verkaskiptingu, umræðum og samtali	Allir stjórnendur í leikskólanum	Haust 2022	Vor 2023	Umræður og samtal Handleiðsla ef þarf	Að allir aðilar séu öruggir í sínu hlutverki og hvað er vænst af þeim
Uppeldis- og menntastarf							
Málörvun barna á deildum	Að allir starfsmenn taki þátt í málörvun barna, alla daga í öllum aðstæðum	Með því að útskýra, leiðbeina og aðstoða hvort annað. Ræða saman á fundum og benda á það sem tekst vel og það sem þarf að laga	Allir starfsmenn	Haust 2022	Vor 2023	Umræður á fundum og starfsdögum	Að allir starfsmenn séu öruggir í að sinna málörvun barnanna alla daga
Mannauður/ Leikskólabragur							
Samvinna	Að allir vinni saman óháð deildum, húsum	Ræða um mikilvægi samvinnu og að hjálpa hvert öðru, við erum einn leikskóli Geta talað saman um það sem er vel ert og það sem þarf að laga	Allir starfsmenn	Haust 2021	Vor 2022	Umræður á fundum	Að allir hjálpist að, biðji um aðstoð og bjóði hana að fyrra bragði
Innra mat							
Agastefna leikskólans	Að samræma milli deilda og húsa hvernig tekið er á agavandamálum	Umræður, móta okkar stefnu. Hafa skýrt hvað viljum við og hvað ekki	Allir starfsmenn Stjórnendur	Haust 2021	Vor 2022	Umræður á fundum og í stjórnendateymi	Að reglur við agavandamálum séu samræmdar á öllum deildum



3 Innra mat

3.1 Berg

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustund og veðurfræðingur	Börn geti sagt sitt nafn og annarra. Byrja að telja upp í 15 (fjöldi barna á deild) Kunna sinn staf. Að börn viti hvernig þau eiga að klæða sig þann dag.	Förum í samverustund á hverjum degi, syngjum saman lög. Klöppum nöfn og sýnum bókstafinn þeirra. Talið er hversu margir eru mættir þann dag. Sýnum börnunum hvernig þau eiga að klæða sig fyrir útiveru eftir veðri á myndrænan hátt.	Starfsfólk á deildinni	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Rætt er um börn sem við þurfum að fylgjast betur eftir.	Þegar börn geta klappað sitt nafn sjálf,ft, og annarra. Byrja að syngja með og gera hreyfingar.
Hópastarf	Að börnin fái að læra leik í minni hópum.	Hópastarf er daglega og börnunum er skipt í 3 hópa, 4-5 börn í hóp. Unnið er með list, könnunarleik og málörvun til skiptis.	Hópstjóri hvers hóps.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum.	Að börnin eru að ná að dunda sér við leik og ná betri samskiptum við börnin í hópnum sínum og sinn hópstjóra.
Málörvun	Að efla börnin í máli og skilning.	Unnið er með verkefni „lærum og leikum“ og „lubbi finnur málbein“ á hverjum degi fyrir hádegis. Einnig er appið „Georg og félagar“ tekið fyrir 3-4 sinnum í viku.	Deildarstjórar og starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Rætt er um börn sem við þurfum að fylgjast betur eftir. Starfsmenn vita þá hvað börnin geta og viti hvort að þau þurfi frekari aðstoð við málörvun.	Að börnin skilji fyrirmæli, leiðbeiningar og almennar samræður. Einnig að barnið geti tjáð sig við fullorðna og börn.
Lestrarstund	Að börnin geti hlustað á stuttar sögur og leiti í bækur af sjálfsdáðum. Svarað spurningum lesefni.	Lesið er fyrir börnin 4 sinnum í viku í loðbókarformi og bókarformi. Einnig yfir daginn fá börnin tækifæri til að glugga í bækur á sínum forsendum. Einnig er unnið með spjaldamyndir og hengdar eru	Starfsmaður sem sér um lestrarstund.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmaður sem sér um lestrarstund þá viku ræður við aðra starfsmenn hvernig gekk og hvort börnunum fannst bókina skemmtilega.	Þegar börnin sækja í að lesa bækur og sýna þeim áhuga. Einnig að þau meðtaki orðaforða úr bókunum.



		upp myndir tengdar þema.					
Útivera	Að börn hafi ánægju til að vera úti og leikið sér með leikföng á viðeigandi máta ásamt að æfa félagsfærni við börn á öðrum aldri. Börnin geti klætt og afklætt sig sjálf að mestu leiti.	Farið er út 1-2 sinnum á dag. Mismunandi leikföng eru hvern dag. Nýtt er leiksvæðið til að skoða umhverfið og nærliggjandi náttúru. Á sumrin er reynt að fara sem mest út.	Starfsmenn á deild.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Ræðum saman reglulega hvernig útivera er að ganga. Metum hvort að einhver börn þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort börnin kunni að leika saman í hóp óháð aldri.	Að börnin vilji fara út að sjálfsdádóum. Geti klætt sig sjálf með eins litli aðstoð og hægt er. Leikið sér með leikföng á viðeigandi hátt. Þekkir sitt nærliggjandi umhverfi.

Á Bergi eru 15 börn fædd árið 2020. 17 börn voru í aðlögun yfir veturinn, 5 stelpur og 12 strákar.

Síðasta aðlögun var í byrjun desember. Aðlögun gekk vel og voru um 3-5 börn saman í hverri viku.

Tungumálin sem eru töluð á Bergi eru: Íslenska, pólska, ítalska, franska, lettneska, og slóvakíska.

Á Bergi vinna 5 starfsmenn, þar af er einn starfsmaður með stuðning. 3 starfsmenn eru með um 5 börn í hóp. Allir vinna mikið með sinn hóp. Hópastarf er daglega, hópstjóri býr til plan fyrir tvær vikur og fylgir því.

Við erum með „bókin mín“ sem er fjölskyldu tengt, foreldrar prenta myndir af börnunum og fjölskyldu og skrifa viðeigandi texta. Börnin geta skoðað inni á deild og sýnt öðrum.

Við unnum daglega með veðurfræðinginn og að klappa nöfn í samverustund og sýna bókstaf. Einnig var unnið með „Lubbi finnur málbein“ í hópastarfi, málörvun og samverustundum.

Á þessu ári fórum við á bókasafn, skiptum hópnum í tvennt þar sem við fengum lestur frá Natalie í Gerðuberg og sáum sýningu. Farið var í salinn á Stóra-Holti í leikfimi. Við buðum foreldrum í kaffi í lok árs þar sem krakkarnir gáfu foreldrum sólblóm sem þau gróðursettu eftir páska.

Á næsta ári viljum við halda áfram með gott skipulag okkar. Við viljum fara oftari í vettfangsferðir eins og á bókasafn, strætó ferðir, og göngutúra. Okkur langar að fara með krakkana í sveitaferð á næsta ári. Við viljum einnig auka samstarf við foreldra og bjóða þeim oftari inn á deild.

3.2 Litla-Fell

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvun	Að efla börnin í máli og skilning.	Fara í skipulagða málörvun á hverjum degi. Leggja orð á allt sem við gerum allan daginn og tölum við börnin.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2022	Maí 2023	Starfsfólk fundar reglulega og ræðir saman um hvernig gengur, hvort að við sjáum árangur og hvort að það séu einhver börn sem að þurfi sértæka aðstoð.	Sjá framfarir í máli og skilning hjá börnunum. Að þau geti tjáð sig með orðum.
Samverustund	Börnin læri að sitja í hóp, klappa nafnið sitt, syngja, telja hve margir eru mættir, hlusta á	Förum í 2-3 samverustundir á hverjum degi. Þar syngjum við, klöppum nafn allra sem mættir eru, hlustum á	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2022	Maí 2023	Starfsfólk ræði saman um hvernig gengur. Hvort að við sjáum framfarir og hvort að það sem við erum að gera sé að skila sér til barnanna.	Börnin geti setið saman í hóp og tekið þátt í samverustund. Geti klappað nafnið sitt og annarra barna.



	sögur. Förum yfir hvaða dagur er, hvernig veðrið sé og hvernig á að klæða sig fyrir útiveru þann daginn.	sögur. Notum líka Lubba, lærum og leikum og Georg og félagar.					Geti setið og hlustað á sögur.
Frjáls leikur	Að börnin fái tækifæri til þess að læra að leika saman í hóp og læri að deila leikföngum með öðrum.	Hafa frjálsan leik í dagskipulaginu á hverjum degi. Leyfa börnunum að fá að leika sér óáreitt og geti fengið að velja hvaða dót það vill leika með hverju sinni.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2022	Maí 2023	Starfsfólk ræði saman og sjái hvernig gengur í frjálsa leiknum. Hvort að það séu börn sem að þurfi að grípa inn í og aðstoða við að koma þeim inn í leik með öðrum börnum.	Að börnin geti leikið sér ein og við önnur börn. Geti deilt leikföngum með öðrum.
Útivera	Að börnin fái að njóta þess að vera úti, kynnist nærumhverfi sínu. Læri að klæða sig í og úr útifötum.	Fara út á hverjum degi. Nota mismunandi leikföng í útiveru. Nýta leikvelli hér í kring og fara í göngutúra.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2022	Maí 2023	Að ræða saman reglulega hvernig útiveran gangi. Hvort að það séu einhver börn sem að þurfi aðstoð við að komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort að einhver börn séu ekki að njóta sín í útiveru.	Að börnin geti notið sín í leik úti og hafi gaman að. Að börnin fái að kynnast nærumhverfi sínu með því að vera duglegar að fara út úr garðinum.

Á Litla Felli vinna 3 starfsmenn.

Börnin voru 15 talsins, fædd árin 2019 og 2020 og eru töluð 5 tungumál; íslenska, pólska, filipseyska, búlgarska og tælenska.

Aðlögun hjá okkur gekk vel en var frekar óhefðbundin vegna Covid og tók hún því lengri tíma.

Á hverjum degi förum við í 2-3 samverustundir á dag og skipulagða málörvun á hverjum degi. Við leggjum áherslu á að hafa frjálsan leik á hverjum degi.

3.3 Stóra-Fell

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustund og veðurfræðingur	Að börnin viti og geti sagt sitt nafn og annarra. Talið er upp í 20 á hverjum degi. Að börnin viti hvernig þau eiga að klæða sig í útiveru þann dag.	Farið er í samverustund á hverjum degi, þrisvar á dag. Eftir morgunmat, fyrir hádegismat og fyrir kaffi. Sungið eru lög tengd þemu, sýnt börnunum á myndrænum hátt hvernig á að klæða sig þann dag. Börn og	Starfsfólk á deildinni	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmenn ræða saman á deildarfundum um hvað gengur vel og hvað mætti bæta. Rætt er um hvaða börn þurfa eftirfylgni.	Þegar börnin þekkja nafnið sitt og annarra, geta sungið með og gert hreyfingar. Talið upp í 20 og klæði sig sjálft.



		starfsmenn eru talin á hverjum degi upphátt og einnig upp í 20. Börnin eru hvött til að syngja upphátt og tekið er fyrir eitt barn til að leiða sönginn hvern dag.					
Frjáls leikur	Að börnin fái að læra leik á sínum forsendum. leikinn grunninn að námi barna, eðli leiksins skiptir máli. Leikur er mikilvægasta leiðin til að kenna börnum.	Frjáls leikur er daglega og börnunum eru boðin að velja hvað þau vilja leika. Boðið er upp á tvennt í einu í hvoru rýminu.	Starfsmenn deildarinnar og deildarstjóri.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmenn ræða saman um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa á deildarfundum. Kennarinn á að taka lýðræðislega nálgun, ekki setja ákvarðanir eða lausnir, heldur semja, spyrja spurninga og gefa börnum tækifæri til að velja. Hann þarf að hlusta á raddir þeirra og hugmyndir og skoða einstaklings einkenni hvers barns, styrkleika þess og getu.	Að börnin eru að ná að dunda sér við leik og ná betri samskiptum við börnin bæði í hlutverkaleik eða í uppbyggilegum leik.
Málörvun	Málörvunin á að efla börnin í máli og skilning	Unnið er með verkefni „lærum og leikum“ og „lubbi finnur málbein“ á hverjum degi í samverustund eftir morgunmat. Verkefni „Blær“ er tekið fyrir 2 í viku og einnig í daglegum frjálsum leik.	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmenn ræða saman á deildarfundum um hvað er að ganga vel og hvað gengur illa. Tekin eru fyrir börn sem við þurfum að fylgjast betur eftir og hver þarf meiri eftirfylgni. Starfsmenn eru þá meðvitaðir um getu barnanna og viti hvort þau þurfi frekari aðstoð við málörvun.	Að börnin skilji fyrirmæli, leiðbeiningar og almennar samræður. Að þau sýni skilning á því þema sem tekið var fyrir þá viku og þekki þau orð sem var lagt áherslu á.
Lestrarstund	Að börnin geti hlustað á stuttar sögur og leiti í bækur af sjálfsdádóðum. Svarað spurningum lesefni.	Lesið er fyrir börnin á hverjum degi í samverustund fyrir kaffitímann. Bækurnar eru tengdar þemu.	Starfsmaður sem sér um lestrarstund.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Starfsmaður sem sér um lestrarstund þá viku ræður við aðra starfsmenn hvernig gekk og hvort börnunum fannst bókinn skemmtileg.	Þegar börnin sækja sjálf í að lesa bækur og sýna þeim áhuga. Þegar börnin meðtaka orðaforðann úr bókunum og geti hlustað með.
Útivera	Að börn hafi ánægju til að vera úti og leikið sér með leikföng á viðeigandi	Farið er út 1-2 sinnum á dag. Mismunandi leikföng eru hvern dag. Nýtt er	Starfsmenn á deild.	Ágúst 2022	Júlí 2023	Ræðum saman reglulega hvernig útivera er að ganga. Metum hvort að einhver börn þurfi aðstoð við að	Að börnin vilji fara út að sjálfsdádóðum. Geti klætt sig sjálf með eins litli aðstoð og



	máta ásamt að æfa félagsfærni við börn á öðrum aldri. Börnin geti klætt og afklætt sig sjálfst að mestu leiti. Það skiptir miklu máli að útlumhverfi yti undir að börn vilji leika sér og hvetji þau til rannsóknar og athugana.	leiksvæðið til að skoða umhverfið og nærliggjandi náttúru. Á sumrin er reynt að fara sem mest út.				komast inn í leik með öðrum börnum. Hvort börnin kunni að leika saman í hóp óháð aldri. Mikilvægt er að kennari sé styðjandi við börnin og vekji þau til frekari umhugsunar um námsefnið, það hvetur þau á þann hátt að þau horfi til baka og tengi við eigin reynslu.	hægt er. Leikið sér með leikföng á viðeigandi hátt. Þekkir sitt nærliggjandi umhverfi. Nám sem fer fram utandyra hentar sumum börnum betur en að sitja á stól við borð. Því er mikilvægt að hlusta á börn og leyfa þeim að láta í ljós viðhorf sín.
--	--	---	--	--	--	--	---

Á deildinni Stóra-Felli eru 15 börn. 3 börn voru í aðlögun fyrir veturinn. 12 börn komu af öðrum deildum. 8 stelpur og 7 strákar.

Aðlögun gekk vel og dreifðist yfir 3 vikur. Við upphaf leikskólagöngu þarf að leggja grunn að samstarfi milli foreldra og leikskóla og þarf umhyggja og velferð barnsins að vera í forgrunni.

Leikskólastarfsfólki ber að sýna virðingu og skilning gagnvart mismunandi fjölskyldugerðum og menningu. Mikilvægt er að samstarfið byggist á gagnkvæmum skilningi á þeim viðhorfum og þekkingu sem foreldrar og starfsfólk býr yfir. Mikilvægt er að byggja upp traust, allir fái tækifæri á að deila sínum sjónarmiðum og taki sameiginlegar ákvarðanir hvað varðar einstök börn.

Það eru 12 tungumál töluð á deildinni.

Í byrjun skólaársins voru 3 starfsmenn fastir á deildinni, en einn starfsmaður bættist við um vorið.

Hver starfsmaður er með sinn hóp.

Á næsta skólaári ætlum við að innleiða hópastarf þar sem hver hópstjóri sér um sinn hóp og skipuleggur hópastarfið.

Við unnum daglega með veðurfræðinginn og að klappa nöfn í samverustund og telja upp í 20. Einnig var unnið með „Lubbi finnur málbein“, „Lærum og leikum“ og „Blær“ í samverustundum. Alla daga erum við að kenna börnunum eitthvað nýtt m.a. hvernig þau eiga að klæða sig, borðsiði, samskipti þeirra á milli o.m.fl. „Lærum og leikum“. Við vinnum með þessum APP á hverjum degi í vinastund (15- 20 mín)

Ævintýri. Við lesum mismunandi sögur. Og gerum verkefni fyrir þessar sögur, svörum spurningum. Stærðfræði. Við notum ýmis einföld verkefni.

Talmeinafræðingaverkefnið gekk mjög vel. Krakkarnir eru mjög ánægðir með það og við sjáum mikla breytingu á börnunum.

Á þessu ári buðum við foreldrum í kaffi í lok árs þar sem krakkarnir gáfu foreldrum sólblóm sem þau gróðursettu sjálf. Einnig var sumarhátíð þar sem foreldrum var boðið að skemmta sér í garðinum á Stóra-Holti með börnunum sínum.

Í leikskólanum Holt þar sem innra mat fór fram hefur verið þátttökuaðlögun síðustu árin, þar sem foreldrar og börn mæta saman fyrstu þrjá daga leikskólagöngunnar. Foreldrarnir eru með börnunum hluta úr degi þessa þrjá daga og taka þátt í því starfi sem fram fer. Á fjórða degi mæta börnin síðan í upphafi dags og eru hálfan daginn án foreldra. Á fimmta degi eru síðan börnin fram yfir hvíldartíma ef vel gengur. Aðlögun hefst á mánudegi og lýkur á föstudegi. Með því að foreldrarnir taki þátt í aðlögun barnanna er talið að það öryggi sem foreldrið fær við það endurkastist yfir á barnið og stuðli þannig að því að barnið upplifi sig í öruggu umhverfi og líði vel og foreldrarnir fái að kynnast því daglega starfi sem fram fer á leikskólanum.

3.4 Sel

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverustundir	Að samverustundir verði markvissari og að allir viti hvað hægt er að gera í þeim.	Setja á blað dagskrá sem allir geta farið eftir.	Deildarstjóri	Ágúst 2022	Júní 2023	Deildarfundir	Að starfsfólk fái verkfæri í hendurnar til að nota í samverustundun.
Söngur	Efla söng hjá börnunum	Velja 4-5 lög sem lög vikunnar	Allt starfsfólk	Ágúst 2022	Júní 2023	Rætt á deildarfundum hvort við sjáum framfarir og aukna virkni hjá börnunum í söng	Að börnin taki meiri og virkari þátt þegar lög eru sungin.
Málörvun	Auka orðaforða og efla málþroska barnanna	Velja 4-5 orð úr hverju þema til að leggja áherslu á og gera sýnilegt upp á vegg.	Deildarstjóri og starfsfólk	Sept 2022	Júní 2023	Deildarfundir notaðir til að meta hvernig gengur.	Að orðaforði aukist og að ritmál sé sýnilegra fyrir börnunum.

Starfið á Seli 2021-2022 hefur gengið vel þrátt fyrir ýmsar áskoranir. Á Seli eru þrír starfsmenn og einn stuðningsstarfsmaður. Mikil fjölbreytni er í barnahópnum á deildinni, en þau koma frá ellefu mismunandi þjóðum.

Áfram var aðaláherslan í starfinu á deildinni almenn málörvun, efla málþroskann, auka orðaforða og íslenskukunnáttu hjá börnunum. Öll börnin fóru á hverjum degi í málörvunarstund þar sem tekið var fyrir ákveðið þema. Hvert þema var í tvær vikur. Börnunum var skipt í þrjá hópa og starfsmenn voru alltaf með sama hópinn í þessum stundum. Málörvunarstundirnar gengu mjög vel og voru allir sammála um að gott var að vinna eftir ákveðnu þema. Næsta vetur ætlum við að prófa að láta starfsmenn ekki alltaf vera með sama hópinn í málörvunarstundum. Starfsmenn munu þá rúlla á milli hópanna og ná þannig að vera með öllum börnunum í málörvun.

Málörvunarhringekja var einu sinni í viku hjá okkur. Þá fóru börnin á milli stöðva þar sem mismunandi verkefni voru. Vanalega er þessi hringekja sameiginleg með hinum deildunum í húsinu en í haust ákváðum við að prófa að hafa hringekjuna fyrir börnin á Seli inni á deildinni en ekki með hinum deildunum. Það gekk nokkuð vel en okkur fannst við vera aðeins útundan frá hinum deildunum og myndum við vilja breyta þessu aftur fyrir næsta vetur og vera með hinum deildunum í málörvunarhringekju.

Blæstundir voru tvisvar í viku hjá okkur þar sem helmingur barnanna fór í hvert sinn í þær. Það náðist ekki alveg alltaf að hafa þessar stundir en við munum halda áfram og festa þessar stundir enn betur í sessi næsta vetur. Tilfinningataflan okkar þar sem börnin merkja með klemmu með nafninu sínu hvernig þeim líður þegar þau koma í leikskólann gekk vel hjá okkur. Byrjuðum á því í haust að kynna töfluna og ræða um hvernig okkur geti liðið. Það tók börnin smá tíma að átta sig á hvað þau áttu að gera en eftir því sem leið á veturinn þá urðu þau öruggari og eru núna orðin mjög fljót að merkja við hvernig þeim líður.

3.5 Bakki

UMBÓTAÞÁTTUR MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samskipti barna og félagsþroski	Að börnin sýni hvort öðru og okkur tillitssemi og kurteisi	Við leiðbeinum þeim t.d. nú skal þú spyrja má ég vera með og svo þarft þú að bíða eftir svari	Starfsfólk undir leiðsögn deildarstj	Ág 22	Vor 23	Starfsfólk ræðir árangur á deildarfundum um hvað gekk vel og hvað má bæta.	Að börnin séu farin að hlusta á hvort annað og taka tillit. Við sjáum merkjanlegan mun á samskiptum barnanna.
Málörvun	Við förum í málörvun í 2-3 hópum daglega þar sem börnin fara á 2-3 svæði og fara í verkefni	Börnin fara í 2-3 hópa og fara í verkefni sem við setjum upp í samvinnu við talmeinafræðinga t.d. Lubbi, Lærum og leikum, Bitsboard og spil	Starfsfólk undir leiðsögn deildarstj	Ágúst 22	Vor 23	Börnin Hafa verið tekin í Orðaforðapróf og fara í Hljómpróf að hausti 2023 áður en þau byrja í skólahóp	Málörvunarstundir daglega og þau fara á 2-3 svæði og leysa verkefni. Að börnin sýni framfarir milli prófana og geti betur tjáð sig og skilið málið.

Á Bakka eru 2 starfsmenn og 1 starfsmaður í 100% stuðning með 15 börn af 7 þjóðernum. Við förum í málræktarverkefni í 2 hópum á hverjum degi. Börnin fara á 2 svæði og eru í mismunandi verkefnum. Börnin hafa hlutverk til skiptis umsjónarmaður, teljari, huggari, sópstjóri, bókaþjónn, þvottaþjónn og ávaxtastjóri sem við höfum reyndar verið með í frii vegna Covid. Umsjónarmaður leggur á borð og sækir matinn, teljari telur börnin með umsjónarmanni og svo fara þau fram í eldhús og láta vita hvað margir eru í mat. Huggari sér til þess að barn sem grætur sé huggað eða huggar sjálfur. Bókaþjónn safnar bókum og gengur frá þeim. Sópstjóri hjálpar í fataklefa að ganga frá og hafa snyrtilegt. Ávaxtastjóri gefur ávexti við eðlilegar kringumstæður. Erum búin að vera að vinna með kurteisi og að biðja um leyfi í vetur og okkur finnst merkjanlegur munur á samskiptum barnanna. Þau ryðjast ekki í leik hjá hinum og taka því betur að fá neitun. Á hverjum degi skoðum við hvaða dagur er dagsetning og mánuður, veðrið og hvernig við þurfum að klæða okkur.

3.6 Hóll

UMBÓTAÞÁTTUR R MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Læsi	Börnin geti talað, skilið og tjáð sig á íslensku	Skipulagðar málræktarstundir, sögulestur, söng, í gegnum leik,spil,- k-pals talnaskilningur, tölustafir og bókstafir	Starfsmenn deildarinnar og deildarinnar	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Hljóm 2 Orðaforðapróf Skipulagðar málræktarstundir, þjálfunarverkefni með tölur og talnaskilning	Skipulagðar málörvunarstundir, 2 hópar á hverjum degi Unnið með útkomu frá hljómi 2 fyrr um haustið þrisvarx í viku Lesa sögur 3x í viku unnið með leskilning Börn komi betur undirbúin í grunnskóla



Félagsleg samskipti	Börn komi fallega fram við aðra og sýna hvort öðru umhyggju. Börn geti rætt um tilfinningar sínar og sýni umhyggju.	Vináttuverkefnið Blær Söngvar, leikir, samræður Lestur	Starfsmenn deildarinnar og deildastjóri	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Deildarfundir 1 í viku, samdar reglur. Skoða skráningu og athuga hvort öll börn séu með í leik. Grípa inn í aðstæður inni á deild ef þörf þykir. Nota bangsann Blæ inn í erfiðum aðstæðum.	1) Unnið með Blæ 2 í viku 3) Börn finni að á þau sé hlustað 4) börn merki við tilfinningamyndir á hverjum degi og ræði um tilfinningar sínar
Gefa 10	Starfsmenn noti virka hlustun á börn og kanni tengslamyndun í hópnum. Börn hafi áhrif á starfsemi deildarinnar	Starfsmenn hlusti markvisst á börn, Gefi sér tíma til þess að skrá og fylgjast með börnunum tilfinningamyndir	Starfsmenn deildarinnar og deildastjóri	Ágúst 2022	Ágúst 2023	Starfsmenn kanni 2x í mánuði hvernig tengsl barna eru inni á deild. Ræði við börnin um starfsemina inni á deild	Tengslakannanir 1 í mánuði og viðtöl við börn. Tilfinninga myndir með börnunum skoðaðar og ræddar 3 í viku.

Á Hóli veturinn 2021-2022 voru 16 bráðskemmtileg og fjörug börn, þrír starfsmenn og einn sérkennari. Börnin voru af 6 þjóðernum. Helsta áhersla vetrarins var á læsi, félagsleg samskipti og frjálsan leik. Í leiknum var áhersla lögð á að bjóða börnum í leik og læra að þó að barninu sé hafnað í leiknum geti það komið seinna inn í leikinn, að barnið læri að það sé hægt að skipta um félaga og að við sýnum hvort öðru kurteisi og virðingu.

Hóll var með tvískiptan árgang börn fædd 2016 kallaður skólahópur og börn fædd 2017 kallaður yngri hópur. Börnunum var ýmist blandað saman eða aldurblandað eftir því hvaða verkefni var unnið með hverju sinni. Hóll starfaði saman með Bakka sem var með eins skipulag, eldri börn og yngri börn. Skólahópur var að auki í sérverkefnum tengdum aldri hans eins og k-pals, þátttaka í Barnamenningarhátíð Reykjavíkur, vettvangsferðum, útskriftarferð, útskrift og vorskóli í Fellaskóla.

Skipulag vetrarins var endurmetið og endurskipulagt fyrir um haustið, gert sýnilegra og aðgengilegra fyrir starfsfólk deildarinnar og foreldra. Það hjálpaði til við að halda skipulagi og starfsemi inni á deild. Leikskólastarfið er í heild sinni síbreytilegt og stöðugt í endurskoðun og hafa ýmsar utanaðkomandi aðstæður áhrif á starfsemi inni á deild. Við því þurfti oft að bregðast og vinna stundum með hvern dag í einu.

4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Leikskólinn Holt skipuleggur skólastarf sitt út frá skóli án aðgreiningar þar sem allir eiga jafnan rétt á að taka þátt í skólastarfinu. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, uppruna, þörfum og hæfileikum sérhvers barns. Í leikskólanum er mikil fjölmennig sem gerir skipulag leikskólastarfsins flóknara og mun fleiri þættir sem þarf að taka tillit til. Frá byrjun leikskólagöngu barnsins er fylgst með þroska og framförum barnsins og lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun. Snemmtæk íhlutun felst í því að greina frávík í þroska með inngripi eins snemma og auðið er. Sérkennslustjóri skipuleggur sérkennsluna í leikskólanum og býr til einstaklingsnámskrá fyrir þau börn sem njóta sérkennslu. Við gerð einstaklingsnámskráa nýtir sérkennslustjóri AEPS listann til þess að meta færni barnsins. Einnig er einstaklingsnámskrá unnin út frá atferlisþjálfun, VB-mapp sem og ráðgjöf frá sérfræðingum. Sérkennslustjóri leikskólans vinnur í nánú samstarfi við foreldra barnanna og ráðgjafa Suðurmiðstöðvar, þar starfa sálfræðingar, sérkennsluráðgjafar, hegðunarráðgjafar og talmeinafræðingar. Þau börn sem njóta sérkennslu innan leikskólans eru með teymi í kringum sig samanstendur af þeim ráðgjöfum þjónustumiðstöðvarinnar sem barnið þarfnast, stuðningsstarfsmanni, sérkennslustjóra, deildarstjóra og foreldrum. Teymið heldur teymisfundi á 6–8 vikna fresti ásamt foreldrum. Á þeim fundum er farið yfir stöðu barnsins, einstaklingsnámskránnar, líðan barnsins og framhaldið. Á skólaárinu 2021-2022 voru átta börn sem voru með skráða stuðningstíma í fyrsta eða öðrum flokki. Þar fyrir utan voru tvö börn sem þurftu á einhverskonar íhlutun að halda, vegna félags, tilfinninga og/eða hegðunarvanda. Ef grunur vaknar hjá starfsmönnum leikskólans um áhyggjur af börnum, leita þeir til sérkennslustjóra sem skoðar málið í samvinnu við starfsmenn, foreldra og Suðurmiðstöð.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Leikskólinn Holt vinnur með AEPS og TRAS listann til þess að gera grein fyrir því hvar börn eru stödd í þroska sem og við gerð einstaklingsnámskráa. Smábarnalistinn og Íslenski Þroskalistinn eru einnig notaðir þegar sendar eru tilvísanir til Suðurmiðstöðvar. Bókin Behavioral Intervention For Young Children With Autism er mikið notuð til hliðsjónar þegar unnið er með Atferlisíhlutun.



	EFI-2 málþroskaskimunin er lögð fyrir börn á fjórða aldursári. Hljóm-2 er lagt fyrir elsta árgang leikskólans.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Námsefni sem unnið er með í sérkennslu eru ákveðin leikföng, verkefni út frá AEPS listanum og atferlisíhlutuninni, spil og sjónrænar myndir. Ekki voru keypt ný námsgögn á síðasta ári.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Stuðnings starfsmenn	Utanumhald stuðnings starfsmanna	Þegar starfsmaður tekur að sér barn, er farið í gegnum ákveðið verkferli. Farið er yfir handbók stuðningsstarfsmanna. Hvernig er unnið með sérkennslubörnum. Agastefna sérkennslunnar. Undirbúningstími. Skráning vinnustunda. Valdefling og uppbygging	Sérkennslu stjóri	Haust 2022	Vor 2023	Nafnlaus könnun til starfsmanna sem snýr að utanumhaldi. Hefur starfsmaðurinn fengið þá leiðsögn sem hann þarf? Hvað er hægt að gera betur O.fl.	Starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi, fylgir barninu vel eftir í sérkennslu. Sjálfstæð vinnubrögð. Samvinna innan deildarinnar. Barnið sýnir framför þegar það er endurmetið. Starfsmanni líður vel í starfinu.
Handbók stuðnings starfsmanna	Gera stuðnings starfsmönnum auðveldara með að ganga inn í nýtt hlutverk. Að þeir vita hvers er ætlast af þeim.	Búa til handbók stuðningsstarfsmanna Í bókinni: Agastefna Stuðningsflokkar Undirbúningstími Skráning vinnustunda Þarfir barns Þjónustuteymi Persónuverndarstefna Þagnarskylda o.fl.	Sérkennslu Stjóri	Haustið 2021	Vor 2023	Matið færi fram með viðtali við stuðnings starfsmenn. Gagnrýni: Hvað má gera betur? Hvernig líður starfsmanni í þessu hlutverki	Stuðningur gengur inn í starfið fullur sjálfstrausts. Stuðningur hefur skilning á starfi sínu. Sjálfstæð vinnubrögð. Góður skilningur á þörfum barnsins. Starfsmaður veit hvert hann á að leita ef hann þarfnast einhvers. Hreinskilin og berskjölduð samskipti.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun fjöltyngdra barna 2021-2022

Markviss málörvun í Fellahverfi (MMF) er samstarfsverkefni sem við í leikskólanum Holti höfum tekið þátt síðustu ár ásamt Fellaskóla og leikskólanum Ösp. Einnig hafa talmeinafræðingarnir Bryndís Guðmundsdóttir frá Raddlist ehf. og Tinna Sigurðardóttir frá Tröppu ehf. tekið þátt í samstarfinu. Það



verkefni kláraðist sl. vor og við tók annað verkefni með svipaðar áherslur. Þær Bryndís og Tinna eru samt sem áður á hliðarlínunni okkur innan handar, ef þörf er á.

Mál og læsi í Fellahverfi er samstarfsverkefni með Fellaskóla, frístundaheimilinu Vínafell og leikskólanum Ösp. Markmið samstarfsins er að auka hugtakaskilning og orðaforða barnanna, með áherslu á hljóðkerfisþætti, málproska og framburð. Við hér í Holti erum með skipulagðar málörvunarstundir á hverjum degi inni á öllum deildum skólans. Hins vegar nýtum við allar þær stundir sem tækifæri gefst til að dýpka orðaforða barnanna, til dæmis eins og í samverustund, ávaxtastund, Hringekju (mismunandi stöðvar með verkefnum) og í fataklefanum. Það er mikil breidd á málgetu barnanna og þess vegna leggjum við áherslu á að örva málproska eftir getu þeirra. Annars vegar til að vita stöðu barnanna í málproskanum hafa talmeinafræðingar tekið málproskapróf, orðaforðapróf, stöðupróf og framburðarpróf á börnunum til að meta hvar þau eru stödd. Önnur tæki og tól sem við notum til að fylgjast með framförum fjöltyngdum börnum í íslensku er: Orðaskil, spurningarlisti fyrir málproska sem við í leikskólanum höfum útbúið sjálf. Á næstu mánuðum ætlum við í Holti að skoða að nota *Hæfnirammur í íslensku, fyrir fjöltyngd börn í leikskóla* eftir höfundana Halldóru Sigtryggisdóttur, Sögu Stephensen, Þorbjörgu Halldórsdóttur og Sigríði Ólafsdóttur gefið út mars 2021 til að fylgjast með framförum fjöltyngdra barna í íslensku.

Hæfnirammarnir hugar að öllum þáttum máls barnanna: tjáningarfærni, hlustunarskilningur, hljóðkerfisvitund og læsi. Með þátttöku barnanna í málörvunarstundum eykur hún jafnframt áhuga og styrkleika þeirra.

Fjármagn sem er úthlutað til leikskólans vegna fjöltyngdra barna er ráðstafað í laun verkefnastjóra, en styrkir vegna þróunarverkefna eru nýttir í fræðslu og námskeið fyrir starfsmenn. Einnig er því ráðstafað fyrir námsefni skólans (bækur, spil o.fl.).

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málstefna	Allir starfsmenn fagni fjölbreytileikanum í barna og starfsmannahópnum.	Búa til málstefnu leikskólans	Leikskólastjóri og verkefnastjóri	Haut 2022	Vor 2023	Rætt á starfsmannafundum og deildarfundum	Að íslenskan sé tungumálið sem við tölum saman í leikskólanum, svo allir geti tekið þátt

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars og apríl sl. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tók þau saman, skiptu hópnum á milli sín.

Fræðsla 2021-2022 var mjög takmörkuð þennan veturinn en hér eru nokkur dæmi :

Nemi frá Þýskalandi var hjá okkur á elstu deildinni í okt-des 21

Tveir starfsmenn í námi með vinnu v. leikskólakennara í vetur

Nemar frá Fellaskóla voru í starfsnámi af og til í vetur. Byrjuðu 9 en voru svo 3 í lokin

Lubbi finnur málbein, námskeið – allir starfsmenn



Menntaflétta, 6 skipti - 3 starfsmenn
Lærdómssamfélag – félagsfærni – Verkefnastjóri
Lærdómssamfélag – læsi - Verkefnastjóri
Málstefna – verkefnastjóri
Leiðtoganám - aðstoðarleikskólastjóri
Námskeið v. einhverfu barna GRR – sérkennslustjóri og starfsmaður í sérkennslu
Kynning á verkefninu Mál og læsi í Fellahverfi – allir starfsmenn
Leikskólar í Reykjanesbæ skoðaðir – allir starfsmenn
Stjórnendadagur í Hörpu – leikskólastjóri og aðst.leikskólastjóri
Velliðan í vinnunni, fyrirlestur - allir starfsmenn
Fjarráðstefna, Efling – trúnaðarmaður starfsmanna Eflingar
Námskeiðs“fjarfundar“dagur leikskólastjóra - leikskólastjóri
Tónskólinn, Barnamenningarhátíð – starfsmenn á elstu deild

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf við leikskólann Ösp og Fellaskóla hélt áfram og varð markvissara í tengslum við samning Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Félags- og barnamálaráðuneytis. Leikskólastjóri fundaði reglulega með tengiliðum frá Ösp og Fellaskóla og þróaði hugmyndir um samstarf skólanna þriggja. Verkefnastjóri málörvunar fundaði einnig reglulega með tengiliðum frá Ösp og Fellaskóla til að sameina áherslur og starfshætti. Búið er að undirbúa og setja upp skipulag fyrir næsta skólaár sem allir skóla munu fylgja.

Áætlun vetrarins féll að hluta til niður vegna Covid-19 og veikinda tengt því.

Á vorönn hefðu elstu börnin í Holti og Ösp fara aftur vikulega saman í íþróttasalinn í Fellaskóla og/eða íþróttahúsið við Austurberg undir leiðsögn íþróttakennara frá ÍR, en það féll niður vegna Covid og það var ekki starfsmaður tiltækur hjá ÍR. En elstu börnin fóru í vorskólann í Fellaskóla, við útskrifuðum börnin við fallega athöfn í Fellaskóla og þau fóru í útskriftarferð.

Nemendur úr 9. og 10.bekk Fellaskóla hafa verið að koma í starfsnám í leikskólann Holt í mörg ár. Það er alltaf jafn ánægjulegt að fá að taka á móti þessum frábæru krökkum og svo verður áfram. Við gátum reyndar ekki tekið við þeim mikið í ár, en það var metfjöldi sem vildi koma og þegar mest var voru þær 9 talsins 😊 Mjög skemmtilegt. En vegna takmarkanna þá dattu þær út hver af annari og endaði í 3 nemendum.

Sjá Tímaramma samstarfsáætlunar 2022-2023 - fylgiskjal 1

8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð og foreldrafélag var sameinað í eitt fyrir ári síðan vegna dræmar þátttöku foreldra. 3 foreldrar eru í ráðinu og félaginu, kosið var á haustfundi foreldra. Fundir verið fáir yfir veturinn, samskipti hafa meira farið fram með rafrænum hætti, s.s. í tölvupósti eða á Facebook síðu hópsins. Foreldrafundur ; við náðum að hafa haustfundi foreldra sl haust og voru þeir í sitthvoru lagi eftir deildum, eða 6 skipti. Gekk mjög vel og góð mæting.

Foreldraviðtöl ; Fyrsta viðtal, þegar barnið byrjar í leikskólanum, er við leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra og svo viðkomandi deildarstjóra í aðlögun. Árleg viðtöl eru á vorönn, við viðkomandi deildarstjóra. Kveðjuviðtal er svo þegar börnin hætta og fara í grunnskólann við viðkomandi deildarstjóra. Einnig geta foreldrar ávallt óskað eftir viðtali eftir þörfum, sem og



leikskólinn við foreldrana. Foreldraviðtöl voru alls konar þetta árið, á staðnum, rafræn eða gegnum síma. Allt eftir því hvað foreldrar óskuðu eftir eða treystu sér í.

Þátttökuaðlögun byggir á nánu foreldrasamstarfi og er orðið fast í sessi hjá okkur. Öryggi og ánægja starfsmanna og foreldra eykst með hverju ári. Þetta er aðferð sem er komin til að vera. Við endurmetum aðferðina í starfsmannahópnum á hverju hausti og bætum það sem betur má fara. Í vetur höfum við verið að skoða á hvaða vikudegi er best að byrja þátttökuaðlögun. Bókin mín er dæmi um góða viðbót á þessari samvinnu. Aðlögun var meira og minna allan veturinn með eitt og eitt barn í einu.

Facebook síða leikskólans gengur mjög vel og þar erum við sérstaklega að ná vel til erlendu foreldranna okkar. Hver deild er komin með sér hóp þar inni og einnig foreldrafélagið. Ákveðið var að hafa einungis jákvæðar fréttir þarna inni. Mikil upplýsingagjöf fer þar fram. Náum strax til foreldra þarna í gegn og getum fylgst með að þau sjái fréttirnar. VALA er skemmtileg viðbót í foreldrasamvinnunni, en enn er beðið eftir viðbótum um virkni sem áttu að vera komnar fyrir löngu. Það stýttist í nýja útfærslu á heimasíðu, en það verður ekki hægt að hafa myndir þar svo við bíðum enn eftir uppfærslu á því sem á að koma inn í Völu.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar veturinn 2022-2023

12.september – Sameiginlegur starfsdagur með Ösp og Fellaskóla

20.október – Sameiginlegur starfsdagur með Ösp og Fellaskóla

18.nóvember – Sameiginlegur starfsdagur með Ösp og Fellaskóla

6.janúar – Sameiginlegur starfsdagur með Ösp

19.apríl – Námsferð erlendis með Ösp

21.apríl – Námsferð erlendis með Ösp

Sjá Leikskóladagatal 2022-2023 – fylgiskjal 2



10 Fylgigögn

10.1 Tímarammi samstarfsáætlunar 2022-2023

10.2 Leikskóladagatal 2022-2023

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Holt
01.07.2022



Halldóra B. Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri
Leikskólinn Holt
Völvufelli 7-9
111 Reykjavík
holt@rvkskolar.is / habg02@rvkskolar.is
411-3330 / 693-9882



Fylgiskjal 1

Tímarammi samstarfsáætlunar 2022-2023



Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
September	Deildarstjórar leikskólana velja lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til OM-verkefnastjóra	Deildarstjórar HÖ	
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	13. september 2022
Október	1. bekkur heimsækir leikskólana Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	Deildarstjórar HÖ og kennarar F	
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	11. október 2022
Nóvember	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	
	Heimsóknir milli leikskóla Börnin hittast og syngja saman lög fyrir Dag íslenskrar tungu	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ - Myndefni á vef - Deildarstjórar fylla út matsblað	Deildarstjórar	
	Fundur um niðurstöður námsmats 1.bekkinga	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið	Deildarstjórar Félaskóla - deildarstjórar leikskóla, leik- og grunnskólastjórar	Deildarstjórar F	
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Félaskóla	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	Deildarstjórar	16. nóvember 2022
Desember	Helgileikur Leikskólabörnum boðið á generalprufu á helgileik í skóla og í heimsókn inn í 6.bekk	Að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - Myndir á heimasíðu - Umræða verkefnastjóra	Deildarstjórar	15. eða 16. desember 2022

Janúar	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	10. janúar 2023
Febrúar	Leikskólabörn koma í smíðjur	Að kynnst húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - Myndum miðlað á heimasíðum HÖF - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	Deildarstjórar	
	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	7. febrúar 2023
Apríl	Deildarstjóri máls og læsis og deildarstjórar leikólanna samráðsfundur	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum verkefnisins.	Deildarstjóri máls og læsis - Fundargerð	Deildarstjórar	25. apríl 2023
Maí	Lestur í leikskólum Nemendur í 5. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngri barnanna og styðja við virkt tvtýngi	Deildarstjórar í Félaskóla - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	Deildarstjórar	
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Deildarstjóri Félaskóla - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað - Myndir á vef og rýni á fundi OM-vstj.	Deildarstjóri F	15.-17. maí 2023
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Félaskóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólastarfið og auðvelda þeim og börnunum skólaskilin.	Skólastj., deildarstj. og verkefnastj. HÖF - Myndir og kynningarefni	Deildarstjórar	
	Skilafundur milli leik- og grunnskóla og fristundar	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskóla og að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi milli stiga.	Deildarstjóri F	Deildarstjórar	
	Fundur leikskólastjóra HÖ og deildarstjóra F um mat á samstarfi	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar.	Deildarstjórar - skýrslugerð og innramat	Deildarstjórar og leikskólastjórar	

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla
Grænn	Samráð starfsmanna



Fylgiskjal 2

Samband íslenskra sveitarfélaga		Leikskóladagatal 2022 - 2023												Nafn skóla:	Leikskólinn Holt
#GÖST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ				
1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 M	1 L	1 M	1 F	1 L				
2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S				
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M				
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ				
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M				
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F				
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F				
8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L				
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S				
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M				
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ				
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M				
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F				
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F				
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L				
16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 S				
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F	17 M	17 M	17 L	17 M				
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ				
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M				
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F				
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F				
22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 L				
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 S				
24 M	24 L	24 M	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M				
25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 F	25 M	25 F				
26 F	26 M	26 L	26 M	26 F	26 M	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M				
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 F	27 L	27 Þ	27 F				
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F				
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 M	29 L	29 M	29 F	29 L				
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 F	30 M	30 Þ	30 F	30 S				
31 M	31 M	31 M	31 F	31 L	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 M	31 M	31 M				

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Drif þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldrar að viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefnir skóla- og frístundasviðs er að í hverju hvern leittist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

Starfsáætlun 2021 – 2022

Leikskólinn Holt



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Margrét Kristinsdóttir

Valgerður Sif Jónsdóttir



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Minni samskipti hafa verið vegna Covid og vöntun á þátttöku foreldra í félaginu og ráðinu. En allir hafa gert sitt besta úr aðstæðum.

Höfum lesið yfir og samþykki þessa starfsáætlun leikskólans Holts 2022.

Anna Margrét Kristinsdóttir

Valgerður Sif Jónsdóttir



